

**SAMÞYKKT**  
**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp**  
**Sveitarfélagsins Árborgar, nr. 679/2013.**

## 1. gr.

6. mgr. 33. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn felur bæjarráði hlutverk bæjarstjórnar skv. 13. gr. og 1. og 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 varðandi útgáfu framkvæmdaleyfis og gerð og samþykkt lýsingar á deiliskipulagsverkefni.

## 2. gr.

a. Tvær nýjar málsgreinar, 4. og 5. mgr., bætist við 42. gr. samþykktarinnar, svohljóðandi:

Heimilt er framboðslista sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í nefnd sem kosið er til skv. b-lið 46. gr. að tilnefna áheyrnarfulltrúa og varaáheyrnarfulltrúa til setu í viðkomandi nefnd með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er ungmennaráði að tilnefna áheyrnarfulltrúa í nefnd sem kosið er til skv. 1.-5. t. b-liðar 46. gr. með málfrelsi og tillögurétt. Réttur skv. 2. og 3. mgr. nær þó ekki til setu á fundum félagsmálanefndar þegar hún gegnir hlutverki barnaverndarnefndar. Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

Ekki er greidd þóknun fyrir setu áheyrnarfulltrúa á nefndarfundum.

b. Fyrirsögn 42. gr. orðast svo: *Lausn frá nefndarsetu, endurskipun nefnda og áheyrnarfulltrúar.*

## 3. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 15. febrúar 2018.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

Stefanía Traustadóttir.